



# Forvarnastefna Reykjavíkurborgar

0–2 ára

---

2–5 ára

---

6–9 ára

---

10–12 ára

---

13–15 ára

---

16–20 ára

---

# Forvarnastefna Reykjavíkurborgar

## Efnisyfirlit

### Forvarnastefna Reykjavíkurborgar 3

Leiðarljós  
Markmið  
Framkvæmd

### Greinargerð 4

Inngangur  
Ábyrgð á innleiðingu og framkvæmd stefnunnar  
Markmið og leiðir

### Frumbernskan 0-2 ára 6

Markmið  
Almennar forvarnir  
Sértækar forvarnir  
Umsjón og framkvæmd  
Tímasetningar

### Leiksólaaldur 2 - 5 ára 7

Markmið  
Almennar forvarnir  
Sértækar forvarnir  
Umsjón og framkvæmd  
Tímasetningar

### Grunnskólaaldur 8

Inngangur

### 6 - 9 ára 9

Markmið  
Almennar forvarnir  
Sértækar forvarnir  
Umsjón og framkvæmd  
Tímasetningar

### 10 - 12 ára 10

Markmið  
Almennar forvarnir  
Sértækar forvarnir  
Umsjón og framkvæmd  
Tímasetningar

### 13 - 15 ára 11

Markmið  
Almennar forvarnir  
Sértækar forvarnir  
Umsjón og framkvæmd  
Tímasetningar

### Framhaldsskólaaldur 16 - 20 ára 12

Markmið  
Almennar forvarnir  
Sértækar forvarnir  
Umsjón og framkvæmd  
Tímasetningar

### Viðauki 14

Samstarf  
Leiðir  
Tímasetningar  
Vímuefnaneysla ungs fólks  
Leiðir  
Tímasetningar  
Eftirmeðferð  
Leiðir  
Tímasetningar  
Sumarið og ungmennin  
Leiðir  
Tímasetningar  
Heilbrigður lífsstíll, íþróttir og tómstundir fyrir alla  
Leiðir  
Tímasetningar

# Forvarnastefna Reykjavíkurborgar

Forvarnastefnan tekur til barna og ungmenna frá fæðingu til tvítugs, foreldra og allra sem að málefnum þeirra og uppeldi koma. Lögð er áhersla á að forvarnir hefjist strax í barnæsku, séu heildstæðar, víðtækar og sameini krafta og störf borgarbúa og borgarstarfsmanna. Stefnan er byggð á traustum rannsóknum um árangur og mat á forvarnastarfi og hefur mælanleg markmið sem verða metin og endurskoðuð reglulega. Við framkvæmd og útfærslu stefnunnar skal unnið út frá því leiðarljósi, markmiðum og leiðum sem hér eru sett fram.

## Leiðarljós

Að skapa öllum börnum og ungmennum uppeldisaðstæður og umhverfi sem eflir sjálfstraust þeirra og sjálfsmynd, einkennist af samkennd og býr yfir viðeigandi stuðningsúrræðum þegar þörf krefur.

## Markmið

Almennar forvarnir ná til allra barna og ungmenna á aldrinum 0 til 20 ára en sértækar forvarnir til einstaklinga og hópa sem eru í áhættu.

### Almennar forvarnir

Að börn og ungmenni alist upp við góða andlega líðan, heilsu og jákvæða sjálfsmynd, svo merkja megi mælanlegan árangur árið 2010.

### Sértækar forvarnir

Að koma í veg fyrir og draga úr neikvæðri frávíkshæðun barna og ungmenna, s.s. vímuefnaneyslu, reykingum, ofbeldi, afbrotum og öðru sem bregðast þarf sérstaklega við hverju sinni, með það að leiðarljósi:

- Að neysla vímuefna mælist ekki meðal grunnskólanema árið 2010
- Að dregið hafi úr neyslu allra vímuefna í framhaldsskólum árið 2010
- Að börn alist upp án þess að verða fyrir ofbeldi og einelti árið 2010

## Framkvæmd

Forvarnastefna Reykjavíkurborgar hefur verið unnin undir forystu Forvarnanefndar. Ábyrgð á að stefna þessi verði innleidd er hjá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar sem jafnframt hefur eftirlit með framkvæmd. Framkvæmd og nánari útfærsla er á ábyrgð þjónustumiðstöðva í hverfum borgarinnar í samstarfi við börn og ungmenni sem og foreldra þeirra, íbúa og stofnanir sem á einn eða annan hátt koma að málefnum barna og ungmenna. Leiðir að ofangreindum markmiðum eru tilgreindar í greinargerð.

# Greinargerð

Meirihluti barna og ungmenna býr við ágætis aðstæður og líður vel. Með markvissri vinnu og góðu samstarfi er hægt að stækka þann hóp enn frekar. Mikilvægt er að grípa inn í líf barns ef einhverju í aðstæðum þess er ábótavant eða það sýnir með hegðun sinni að það sé vansælt og stöðva þannig óæskilega þróun. Í okkar samfélagi skiptir hver einstaklingur máli og það er ábyrgð allra að láta sig málið varða.

Forvarnastefnan byggir annars vegar á almennum forvörnum sem ná til allra barna og ungmenna á aldrinum 0 til 20 ára og hins vegar sértækum forvörnum sem ná til einstaklinga og hópa sem eru í áhættu.

Forvarnastefnan er byggð á niðurstöðum rannsókna og gefur því möguleika á að bregðast við aðstæðum út frá fyrirliggjandi upplýsingum og reynslu í hverju borgarhverfi. Mikilvægt er að nýjar upplýsingar liggi ávallt fyrir á hverri þjónustumiðstöð til að þar skapist svigrúm til að útfæra forvarnastarfið miðað við aðstæður í hverfinu.

Á þjónustumiðstöðvum skal sérstaklega unnið að því að nýta upplýsingar um þá áhættuþætti sem eru þekktir og vinna markvisst gegn áhrifum þeirra. Viðbragðsáætlun og skýr verkaskipting þarf að liggja fyrir svo bregðast megi við aðstæðum.

Mikilvægt er að skilgreindir séu mælikvarðar til að bera saman árangur af forvarnastarfi í hverfum borgarinnar þannig að þróunarvinna verði markviss.

Nauðsynlegt er að huga sérstaklega að þeim hópi barna og ungmenna sem eiga erfitt uppdráttar, tímabundið eða um lengri tíma. Því fyrr sem gripið er inn í þeim mun meiri líkur eru á að koma megi í veg fyrir vanlíðan og niðurbrot einstaklinga.

### Huga skal sérstaklega að börnum og ungmennum sem:

- sýna andfélagslega hegðun
- sýna sjálfseyðandi hegðun
- neyta vímugjafa
- eiga við tungumála- og aðlögunarerfiðleika að stríða
- kljást við spilafíkn
- beita og/eða verða fyrir einelti
- eiga við offitu og átröskun að stríða
- fremja afbrot
- eiga sögu um brottfall/fjarvistir úr skóla

### Varðandi sértækar forvarnir skal huga sérstaklega að þeim börnum og ungmennum sem eiga foreldra sem:

- eiga sögu um erfiðleika, s.s. afbrot og neyslu vímuefna
- eiga við félagslega- og/eða fjárhagslega erfiðleika að etja

## Ábyrgð á innleiðingu og framkvæmd stefnunnar

Velferðarsvið ber ábyrgð á heildstæðu forvarnastarfi í Reykavík og hefur eftirlit með að unnið sé í samræmi við samþykka forvarnastefnu.

Íþrótt- og tómstundasvið, Menntasvið, Velferðarsvið og Þjónustu- og rekstrarsvið Reykjavíkurborgar bera ábyrgð á að þessi forvarnastefna verði innleidd í starf þeirra stofnana sem heyra undir sviðin.

Þjónustumiðstöðvar í hverju hverfi borgarinnar hafa heildarsýn á forvarnastarfi í sínu hverfi, útfæra stefnuna og taka frumkvæði og samræma aðgerðir þegar við á. Varðandi nánari útfærslu hafa þjónustumiðstöðvar samstarf við börn og ungmenni sem og foreldra þeirra, íbúa og stofnanir sem á einn eða annan hátt koma að málefnum barna og ungmenna.

## Markmið og leiðir

Markmiðum og leiðum að almennum og sértækum forvörnum er skipt í mismunandi aldursskeið; frumbersku, leikskólaaldur, grunnskólaaldur (yngsta, mið- og unglíngastig) og framhaldsskólaaldur.

Þær leiðir sem tilgreindar eru í greinargerðinni eru mikilvægar til að ná settum markmiðum en gert er ráð fyrir nánari útfærslu eftir aðstæðum á hverjum stað.

Umsjón með starfinu og framkvæmdinni er hjá þjónustumiðstöðvum. Hlutverk þeirra er að leiða saman í forvarnastarfi alla sem koma að málefnum barna og ungmenna í hverfinu. Sérstaklega skal huga að aðkomu barna og ungmenna við mótun leiða.

**Almennar forvarnir ná til allra barna og ungmenna á aldrinum 0 til 20 ára en sértækar forvarnir til einstaklinga og hópa sem eru í áhættu.**

### Almennar forvarnir

Að börn og ungmenni alist upp við góða andlega líðan, heilsu og jákvæða sjálfsmynd.

### Sértækar forvarnir

Að koma í veg fyrir og draga úr neikvæðri frávikshegðun barna og ungmenna, s.s. vímuefnaneyslu, reykingum, ofbeldi, afbrotum og öðru sem bregðast þarf sérstaklega við hverju sinni, með það að leiðarljósi:

- Að neysla vímuefna mælist ekki meðal grunnskólanema árið 2010
- Að dregið hafi úr neyslu allra vímuefna í framhaldsskólum árið 2010
- Að börn alist upp án þess að verða fyrir ofbeldi og einelti árið 2010

# Frumbernska 0-2 ára

Mikilvægt er að öllum foreldrum standi til boða uppeldisnámskeið til að efla færni og að skapa börnum góð uppvaxtar- og þroskaskilyrði fyrstu æviárin. Jafnframt að afla sér grunnþekkingar um uppeldishlutverkið, mikilvægi tengslamyndunar, ábyrgð sem foreldri og tileinki sér uppbyggilegar uppeldisaðferðir.

## Markmið

Stuðla að auknu öryggi barna í frumbersku.  
Styrkja foreldra í uppeldishlutverkinu.  
Leggja grunn að heilbrigðum lífsháttum barna.

## Almennar forvarnir

### Leiðir:

1. Námskeið, ráðgjöf og fræðsla fyrir foreldra. Lögð verði áhersla á tilfinningatengsl, næringu líkama og sálar, aga, ábyrgð, slysavarnir og hlutverk uppalenda.
2. Námskeið og fræðsla fyrir dagforeldra og starfsfólk leikskóla. Lögð verði áhersla á tilfinningatengsl, næringu líkama og sálar, aga, ábyrgð, slysavarnir og hlutverk uppalenda.
3. Tiltækt fræðsluefni og upplýsingar verði á erlendum tungumálum.

## Sértækar forvarnir

### Leiðir:

1. Skipulagt samstarf þjónustumiðstöðva og heilsugæslu um málefni einstakra barna.
2. Forgangur að þeirri þjónustu sem er í boði og greiður aðgangur að upplýsingum og fræðsluefni.

### Gildir bæði fyrir almennar- og sértækar forvarnir:

**Umsjón:** Þjónustumiðstöðvar

**Framkvæmd:** Þjónustumiðstöðvar í samstarfi við heilsugæslu, dagforeldra og leikskóla.

### Tímasetningar:

#### Vor 2006

Unnið verði að formlegu samstarfi þjónustumiðstöðva og heilsugæslu um málefni einstakra barna og fjölskyldna þeirra.

#### Haust 2006

Stefnt skal að formlegu samstarfi Reykjavíkurborgar og Heilsugæslunnar í Reykjavík um forvarnir haustið 2006.

#### Haust 2006

Uppeldisnámskeið og uppeldisráðgjöf verði í boði í öllum hverfum borgarinnar fyrir foreldra sem eru að eignast sitt fyrsta barn.

#### Haust 2006

Hlutverk þjónustumiðstöðva í forvörnum 0-2 ára liggja fyrir.

# Leikskólaaldur 2-5 ára

Leikskólaárin eru mótunarár í uppvexti barna. Leikskólinn er kjörinn upplýsingabanki um uppeldi þar sem fagfólk getur leiðbeint foreldrum varðandi uppeldismál. Á leikskólaaldri geta erfiðleikar gert vart við sig og þá er mikilvægt að grípa til úrræða og stöðva óæskilega þróun.

## Markmið

Að leggja grunn að jákvæðri sjálfsmynd barna.  
Að styrkja félagsfærni barna.  
Að börn tileinki sér heilbrigða lífshætti.

## Almennar forvarnir

### Leiðir:

1. Fræðsla til foreldra.  
Lögð verði áhersla á tilfinningatengsl, aðbúnað, hegðun, viðhorf og slysavarnir.
2. Fræðsla til dagforeldra og starfsfólks leikskóla.  
Lögð verði áhersla á umhverfi, slysavarnir, samskipti og hegðun.
3. Mótaðar verði forvarnaáætlanir í leikskólum.
4. Aukin áhersla á að fylgt verði eftir mannelismarkmiðum varðandi mataræði.
5. Aukin áhersla á hreyfingu barna.
6. Tiltækt fræðsluefni og upplýsingar verði á erlendum tungumálum.

## Sértækar forvarnir

### Leiðir:

1. Börn sem þurfa sérstaklega á leikskólaplássi að halda njóti forgangs og verði tryggður nauðsynlegur stuðningur.
2. Komið verði á nánú samstarfi um málefni barns milli foreldra, leikskóla, þjónustumiðstöðvar og heilsugæslu.
3. Tryggðar verði upplýsingar og forgangur varðandi tiltæk úrræði.

### Gildir bæði fyrir almennar- og sértækar forvarnir:

#### Umsjón:

Þjónustumiðstöðvar

#### Framkvæmd:

Þjónustumiðstöðvar, heilsugæsla, dagforeldrar, foreldrafélög, leikskólar, íþróttafélög.

### Tímasetningar:

#### Vor 2006

Hlutverk leikskóla og þjónustumiðstöðva í forvörnum liggja fyrir.

#### Vor 2006

Aðgerðaráætlun liggja fyrir í málefnum þeirra barna sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður.

#### Haut 2006

Formlegt samstarf þjónustumiðstöðva, leikskóla, ÍTR, lögreglu, íþrótt- og æskulýðsfélaga og kirkjunnar um forvarnir skal vera komið á í öllum hverfum borgarinnar.



# Grunnskólaaldur

Börnum er skylt að sækja grunnskóla frá 6 til 16 ára aldurs. Grunnskólinn er mikilvægur, ekki eingöngu til fræðslu heldur einnig til forvarna og sjálfsstyrkingar. Samfélaginu ber skylda til að byggja upp sterka einstaklinga sem finna til öryggis í umhverfi sínu. Mikilvægt er að fræða börn og ungmenni þannig að þau geti lifað í sátt við samfélagið. Þess vegna er mikilvægt að grunnskólavist barna sé nýtt til að kenna þau mannlegu gildi sem samfélagið er byggt á. Mikilvægt er að þau læri að skilja tilfinningar og hegðun sína sem og annarra og hljóti þjálfun í samskiptum og tjáningu.

Börn og ungmenni eiga skv. lögum rétt á námi við sitt hæfi. Mikilvægt er að þróa kennsluaðferðir og kennsluefni enn frekar til að koma til móts við mismunandi getu, eiginleika og hæfileika barna, m.a. með aukinni áherslu á kennslu í lífsleikni, verklegum greinum og listum.

Tómstundir barna og unglunga eru mikilvægar fyrir þroska og félagsfærni. Þær eru tækifæri til samskipta og samvinnu og því mikilvægt að í boði séu uppbyggilegar tómstundir sem henta öllum og eru aðgengilegar.



# 6-9 ára

## Markmið

- Að byggja upp jákvæða sjálfsmynd barna.
- Að styrkja félagsfærni barna.
- Að börn tileinki sér heilbrigða lífshætti.

## Almennar forvarnir

### Leiðir:

- Fræðsla til foreldra.  
Lögð verði áhersla m.a. á tilfinningatengsl, aðbúnað, slysavarnir, hegðun og viðhorf.
- Fræðsla til starfsfólks grunnskóla, frístundaheimila, kirkju, íþróttafélaga og frjálsra félagasamtaka.  
Þar verði m.a. lögð áhersla á lausnarmiðað starf, viðhorf, samskipti og að taka á ágreiningi.
- Sérstök áhersla verði lögð á að brúa bilið milli leikskóla og grunnskóla
- Stuðla að aukinni heilsurækt, geðrækt og jákvæðum lífsstíl meðal barna.
- Hvatt verði til aukinnar áherslu á að fylgja manndismarkmiðum varðandi mataræði.
- Stuðla að auknu framboði á fjölbreyttu tómstundastarfi á vegum ÍTR og íþrótt- og æskulýðsfélaga.
- Forvarnaáætlanir þjónustumiðstöðva, grunnskóla og frístundamiðstöðva sem taki sérstaklega mið af aldrinum 6-9 ára verði mótaðar.
- Stuðla að og hvetja til eftirlits og eftirfylgdar foreldra varðandi skólagöngu og heimanám.
- Tiltækt fræðsluefni og upplýsingar á erlendum tungumálum og túlkun þar sem það á við.

## Sértækar forvarnir

### Leiðir:

- Börnum í áhættuhópum verði tryggð örugg dvöl að loknum skóladegi, þátttaka í tómstundum ásamt nauðsynlegum stuðningi.
- Forgangur í tiltæk úrræði.
- Samstarf og samráð aðila sem koma að málefnum barnsins.

### Gildir bæði fyrir almennar- og sértækar forvarnir:

#### Umsjón:

Þjónustumiðstöðvar.

#### Framkvæmd:

Þjónustumiðstöðvar, grunnskólar, frístundaheimili, íþróttafélög, æskulýðsfélög, frjáls félagasamtök, kirkjan, lögreglan og foreldrafélög.

### Tímasetningar:

#### Vor 2006

Hlutverk þjónustumiðstöðva, grunnskóla og frístundamiðstöðva í forvörnum 6-9 ára barna liggja fyrir.

#### Vor 2006

Stefna og áætlun borgaryfirvalda liggja fyrir um þátttöku og niðurgreiðslur í skipulögðu tómstundastarfi barna og ungmenna.

#### Vor 2006

Aðgerðaráætlun liggja fyrir í málefnum barna sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður eða af öðrum ástæðum þurfa sérstakan stuðning.

#### Haut 2006

Formlegt samstarf þjónustumiðstöðva, grunnskóla, frístundaheimila, íþrótt- og æskulýðsfélaga, frjálsra félagasamtaka, lögreglu og kirkjunnar um forvarnir skal vera komið á í öllum hverfum borgarinnar.

#### Vor 2007

Markviss fræðsla til foreldra um hlutverk þeirra í forvörnum 6-9 ára barna sé til staðar í öllum hverfum borgarinnar.

# 10-12 ára

## Markmið

Að byggja upp jákvæða sjálfsmynd barna.  
Að styrkja félagsfærni barna.  
Að börn tileinki sér heilbrigða lífshætti.

## Almennar forvarnir

### Leiðir:

1. Fræðsla til foreldra. Lögð verði áhersla m.a. á tilfinningatengsl, aðbúnað, hegðun og viðhorf.
2. Fræðsla til starfsfólks grunnskóla, frístundamiðstöðva, kirkju, íþróttafélaga og frjálsra félagasamtaka. Þar verði m.a. lögð áhersla á lausnarmiðað starf, viðhorf og samskipti og að taka á ágreiningi.
3. Stuðla að og hvetja til eftirlits og eftirfylgdar foreldra varðandi skólagöngu og heimanám.
4. Stuðla að aukinni heilsurækt, geðrækt og jákvæðum lífsstíl meðal barna.
5. Hvatt verði til aukinnar áherslu á að fylgja manndismarkmiðum varðandi mataræði.
6. Stuðla að auknu framboði á fjölbreyttu tómstundastarfi á vegum ÍTR og íþrótt- og æskulýðsfélaga.
7. Forvarnaáætlanir sem taki sérstaklega mið af aldrinum 10-12 ára verði mótaðar.
8. Áhersla verði lögð á tóbaksvarnir.
9. Styðja foreldra til samstöðu um að virða reglur um útivistartíma barna og þátttöku í hverfisvöktum/foreldrarölti og fræðslu tengda forvörnum.
10. Tiltækt fræðsluefni og upplýsingar á erlendum tungumálum og túlkun þar sem það á við.

## Sértækar forvarnir

### Leiðir:

1. Aukin áhersla á leitarstarf.
2. Börnum í áhættuhópum tryggð þátttaka og stuðningur í uppbyggilegu tómstundastarfi.
3. Sérstök ráðgjöf og stuðningur við foreldra og börn í áhættuhópum.
4. Stuðningur og sértæk úrræði varðandi skólagöngu, heimanám og líðan í skóla.

### Gildir bæði fyrir almennar- og sértækar forvarnir:

**Umsjón:** Þjónustumiðstöðvar.

**Framkvæmd:** Þjónustumiðstöðvar, grunnskólar, frístundamiðstöðvar, íþróttafélög, æskulýðsfélög, frjáls félagasamtök, kirkjan, lögreglan og foreldrafélög.

### Tímasetningar:

**Vor 2006** Hlutverk þjónustumiðstöðva, grunnskóla og frístundamiðstöðva í forvörnum 10-12 ára barna liggja fyrir.

**Vor 2006** Stefna og áætlun borgaryfirvalda liggja fyrir um þátttöku og niðurgreiðslur í skipulögðu tómstundastarfi barna og ungmenna.

**Vor 2006** Aðgerðaráætlun liggja fyrir í málefnum barna sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður eða af öðrum ástæðum þurfa sérstakan stuðning.

**Haut 2006** Formlegt samstarf þjónustumiðstöðva, grunnskóla, frístundamiðstöðva, íþrótt- og æskulýðsfélaga, frjálsra félagasamtaka, lögreglu og kirkjunnar um forvarnir skal vera komið á í öllum hverfum borgarinnar.

**Haut 2006** Markviss fræðsla til foreldra um hlutverk þeirra í forvörnum 10-12 ára barna sé fyrir hendi í öllum hverfum borgarinnar.

# 13-15 ára

## Markmið

- Að byggja upp jákvæða sjálfsmynd unglinga.
- Að styrkja félagsfærni unglinga.
- Að unglingar tileinki sér heilbrigða lífshætti.

## Almennar forvarnir

### Leiðir:

- Fræðsla til foreldra. Lögð verði áhersla m.a. á tilfinningatengsl, aðbúnað, hegðun, viðhorf og þroska unglingsáranna.
- Fræðsla til starfsfólks grunnskóla, félagsmiðstöðva, kirkju, íþróttafélaga og frjálsra félagasamtaka. Þar verði m.a. lögð áhersla á lausnarmiðað starf, viðhorf, samskipti og að taka á ágreiningi.
- Stuðla að og hvetja til eftirlits og eftirfylgdar foreldra varðandi skólagöngu og heimanám.
- Stuðla að aukinni heilsurækt, geðrækt og jákvæðum lífsstíl meðal unglinga.
- Forvarnaáætlanir sem taki sérstaklega mið af aldrinum 13-15 ára verði mótaðar.
- Aukið framboð af fjölbreyttu tómstundastarfi fyrir alla.
- Fræðsla til unglinga og foreldra um starfsemi félagsmiðstöðva, uppbyggilegar tómstundir, mikilvægi þeirra og möguleika til þátttöku.
- Fræðsla á vegum skólanna um afleiðingar tóbaks, áfengis og fíkniefnaneyslu.
- Opin, aðgengileg ráðgjöf og greiður aðgangur að viðeigandi úrræðum fyrir foreldra og unglinga.
- Hvatt verði til aukinnar áherslu á að fylgja mannelismarkmiðum varðandi mataræði.
- Foreldrasamstarf verði aukið, s.s. með gerð foreldrasamninga og þátttöku í foreldrarölti/hverfisvöktum og fræðslu tengdri forvörnum.
- Hvetja til og ýta undir samstöðu foreldra um að virða reglur um útivistartíma og taka þátt í hverfisvöktum/foreldrarölti.
- Tiltækt fræðsluefni og upplýsingar á erlendum tungumálum og túlkun þar sem það á við.

## Sértækar forvarnir

### Leiðir:

- Aukin áhersla á leitarstarf.
- Unglingum í áhættuhópum tryggð þátttaka og stuðningur í uppbyggilegu tómstundastarfi.

- Sérstök ráðgjöf og stuðningur við foreldra og börn í áhættuhópum
- Stuðningur og sértæk úrræði varðandi skólagöngu, heimanám og líðan í skóla.

### Gildir bæði fyrir almennar- og sértækar forvarnir:

**Umsjón:** Þjónustumiðstöðvar.

**Framkvæmd:** Þjónustumiðstöðvar, grunnskólar, félagsmiðstöðvar, íþrótt- og æskulýðs-félög, frjáls félagasamtök, lögreglan, heilsugæslan, kirkjan, foreldrafélög.

### Tímasetningar:

**Vor 2006** Hlutverk þjónustumiðstöðva, grunnskóla og frístundamiðstöðva í forvörnum liggja fyrir.

**Vor 2006** Aðgerðaráætlun liggja fyrir í málefnum þeirra unglinga sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður eða af öðrum ástæðum þurfa sérstakan stuðning.

**Haut 2006** Formlegt samstarf þjónustumiðstöðva, grunnskóla, frístundamiðstöðva og íþrótt- og æskulýðsfélaga, lögreglu og kirkju um forvarnir skal vera komið á í öllum hverfum borgarinnar.

**Haut 2006** Áætlun liggja fyrir um hvernig fyrirbyggja megi brottfall eftir grunnskóla og efla samstarf milli grunn- og framhaldsskóla um þá nemendur sem eru í áhættu.

**Vor 2007** Markviss fræðsla um hlutverk foreldra í forvörnum 13-15 ára unglinga skal komin á í öllum hverfum borgarinnar.



# Framhaldsskólaaldur

Framhaldsskólaaldurinn er tími breytinga, þroskaskrefin eru stór en oft ekki eins augljós og þegar litlu börnin eru að stíga sín fyrstu skref. Það er nauðsynlegt að hafa í huga mikilvægi þess að leyfa ungmennunum að þroskast og axla ábyrgð í samræmi við aldur sinn en ekki sleppa alveg af þeim hendinni. Á þessum árum þurfa þau á stuðningi foreldra og samfélagsins að halda og að þeim sé sýnd umhyggja, nærgætni og virðing. En framhaldsskólaaldurinn er viðkvæmur hvað varðar neyslu áfengis og eiturlyfja. Ungmenni sem flosna upp frá námi eru í sérstakri áhættu og margir þættir, m.a. atvinnuleysi, geta haft áhrif á líf þeirra. Mikilvægt er að fyrir hendi séu góð stuðningsúrræði sem þau geta nýtt sér og styðja við markmið sem þau setja sér.

## Markmið

- Að byggja upp jákvæða sjálfsmynd ungmenna.
- Að styrkja félagsfærni ungmenna.
- Að ungmenni tileinki sér heilbrigða lífshætti.

# 16-20 ára

## Almennar forvarnir

### Leiðir:

1. Stuðlað að auknu foreldrastarfi í framhaldsskólum borgarinnar.
2. Stuðla að aukinni heilsurækt, geðrækt og jákvæðum lífsstíl meðal ungmenna.
3. Að efla fræðslu og umræðu um forvarnir meðal ungmenna.
4. Opin ráðgjöf fyrir ungmenni og foreldra.
5. Áhersla á vímulausa atburði og samkomur á vegum framhaldsskólanna.
6. Aukið framboð og kynning á fjölbreyttu tómstundastarfi fyrir ungmenni allt að 20 ára aldri.
7. Hvatt verði til aukinnar áherslu á að fylgja mannelis-markmiðum varðandi mataræði.
8. Aukin áhersla á stuðning foreldra við börn sín að 18 ára aldri.
9. Tiltækt fræðsluefni og upplýsingar á erlendum tungumálum og túlkun þar sem við á.

## Sértækar forvarnir

### Leiðir:

1. Öflugur stuðningur og ráðgjöf við val á námi, skóla og/eða starfi.
2. Sérstakar aðgerðir fyrir ungt fólk sem hvorki er í skóla né vinnu.
3. Aukið samstarf og stuðningur innan skólakerfisins í samstarfi við námsráðgjafa.
4. Fyrir liggja aðgengilegar upplýsingar um tiltæk úrræði og tryggður greiður aðgangur að þeim.
5. Stuðningur við þátttöku í tómstundastarfi.
6. Markvissar aðgerðir gegn brottfalli nemenda úr framhaldsskóla.

### Gildir bæði fyrir almennar- og sértækar forvarnir:

**Umsjón:** Þjónustumiðstöðvar.

**Framkvæmd:** Þjónustumiðstöðvar, Hitt Húsið, framhaldsskólar, íþrótta- og æskulýðsfélög, frjáls félagasamtök, lögreglan, heilsugæslan, kirkjan, foreldrafélög og líkamsræktarstöðvar.

### Tímasetningar:

**Vor 2006** Hlutverk þjónustumiðstöðva og Hins Hússins í forvörnum 16-20 ára ungmenna liggja fyrir.

**Haust 2006** Formlegt samstarf þjónustumiðstöðva, framhaldsskóla, Hins Hússins, íþrótta- og æskulýðsfélaga, kirkjunnar, lögreglu og líkamsræktarstöðva um forvarnir skal vera komið á í öllum hverfum borgarinnar.

**Vor 2007** Markviss fræðsla um hlutverk foreldra ungmenna 16-18 ára í forvörnum fyrir hendi í öllum hverfum borgarinnar.

# Viðauki

Eftirfarandi eru dæmi um verkefni sem Forvarnanefnd sér ástæðu til að leggja sérstaka áherslu á og skoða nánar.

## Samstarf

Í forvarnastefnunni er gert ráð fyrir víðtæku samstarfi ýmissa aðila á sviði forvarna. Til að það nái að skila sem mestum árangri er mikilvægt að samstarfið sé formlegt og samningsbundið, þar sem kveðið er á um hlutverk og markmið, auk ábyrgðar- og verkaskiptingar hvers og eins. Samstarfsaðilar eru nokkuð mismunandi eftir aldri og eðli máls hverju sinni og hvort um almennar eða sértækar forvarnir er að ræða.

## Leiðir:

Skipaður verði hópur sem hefur það hlutverk að kynna sér og skoða fyrirkomulag samstarfs annars staðar, s.s. SSP í Kaupmannahöfn en þar er um að ræða formlegt samstarf skóla, lögreglu og félagsþjónustu.

## Vorið 2006

Liggja fyrir samningar um samstarf í hverfum milli þeirra þjónustueininga sem hlut eiga að máli. Við gerð samstarfssamninga verði tekið mið af aldri barna og unglinga, þörfum fjölskyldunnar og samsetningu hverfis.

## Vímuefnaneysla ungs fólks

Rannsóknir sýna að stór hluti ungmenna byrjar að neyta vímuefna eftir að hafa lokið grunnskóla og strax á fyrsta ári í framhaldsskóla er merkjanlegur munur á neyslumynstri þeirra. Í forvarnastefnunni er lögð áhersla á heilbrigðan lífsstíl ungs fólks og lögð áhersla á mikilvægi þess að grípa inn í séu grunsemdir eða staðfesting á að barn eða ungmenni neyti vímuefna. Samstarf fagaðila og forsjáraðila, sem og greiður aðgangur að þjónustu, er forsenda þess að málin þróist ekki á verri veg. Mikilvægt er að starfsfólk skóla og forsjáraðilar læri að þekkja einkenni og geti brugðist við á byrjunarstigum. Mikilvægt er að lögð verði sérstök áhersla á að vinna gegn vímuefnaneyslu framhaldsskólanema í samvinnu þeirra aðila sem hlut eiga

### Leiðir:

Skipaður verði hópur til að koma með tillögur að leiðum til úrbóta um hvernig bregðast megi við þeim hópi í grunn- og framhaldsskólum sem er í áhættu varðandi neyslu vímuefna eða þegar kominn í neyslu. Leitað verði leiða um hvernig koma megi í veg fyrir brottfall úr framhaldsskóla og hvaða tiltæk úrræði eru talin mikilvæg fyrir þann hóp.

### Haustið 2006

Liggi fyrir lýsingar á verkferli innan grunnskólans í samvinnu við hlutaðeigandi aðila. Einnig liggi fyrir áætlun um fræðslu og þjálfun starfsfólks í að greina einkenni neyslu. Þá skal einnig liggja fyrir mat á því hvort hægt verði og æskilegt að ráða forvarnafulltrúa í grunnskólana sem hefðu með höndum m.a. fræðslu, þjálfun og „leitarstarf“ innan þeirra, auk þess að vera tengiliðir við aðra samstarfsaðila. Í flestum framhaldsskólum eru starfandi forvarnafulltrúar en svo er ekki í grunnskólum.

## Eftirmeðferð

Mikilvægt er að tryggja ungu fólki sem hefur verið vistað á meðferðarheimilum virka eftirmeðferð eftir að vistun lýkur til að tryggja varanlegan árangur meðferðar og auðvelda endurkomu út í samfélagið. Ljóst er að virk eftirmeðferð verður ekki unnin nema í samvinnu ýmissa aðila, m.a. skóla, vinnumarkaðar, þjónustumiðstöðva, meðferðaraðila, frjálsra félagasamtaka o.fl.

### Leiðir:

Skipaður verði hópur fólks sem vinnur með börn og unglinga og honum falið að koma með tillögur um hvernig eftirmeðferð skuli háttað og hvernig henni verði best fyrir komið.

### Haustið 2006

Liggi fyrir tillögur að útfærslu eftirmeðferðar sem felur í sér viðeigandi ráðgjöf og félagslegan stuðning.

## Sumarið og ungmennin

Vinnuskóli Reykjavíkur er starfandi á sumrin fyrir ungmenni sem hafa lokið 8., 9. og 10. bekk í grunnskóla. Það er þekkt staðreynd að sumarið er áhættutími fyrir börn og ungmenni og því mikilvægt að nýta þátttöku þeirra í Vinnuskólanum til fræðslu og miðlunar upplýsinga. Huga þarf einnig að fræðslu fyrir starfsmenn um áhættueinkenni vímuefnaneyslu. Afar mikilvægt er að leita leiða til að halda úti sumaropnun í félagsmiðstöðvum til að viðhalda sambandi við ungmennin og auðvelda inngrip ef á þarf að halda. Með samstilltu átaki allra þarf að huga sérstaklega að forvörnum og reglum um útivistartíma í tengslum við ýmsa viðburði, svo sem 17. júní og Menningarnótt. Einnig þarf að hvetja til þess að ungmenni undir lögaldri sækji ekki útihátíðir nema í fylgd foreldra.

### Leiðir:

Skipaður verði hópur þeirra sem vinna með börnum og ungmennum og honum falið að leita leiða til að mæta þörfum þessa aldurshóps yfir sumartímann.

### Sumarið 2006

Liggja fyrir áætlun um hvernig hægt er að nýta þessa starfsemi og fleira til að koma í veg fyrir vanda sem getur steðjað að ungu fólki á sumrin.

## Heilbrigður lífsstíll, íþróttir og tómstundir fyrir alla

Í forvarnastefnunni er lögð rík áhersla á heilbrigðan lífsstíl og möguleika til þátttöku í íþróttum og uppbyggilegum tómstundum. Rannsóknir hafa sýnt að ungmenni sem eru þátttakendur í slíku starfi eru síður líkleg til að leiðast út í neyslu vímuefna eða aðrar sjálfseyðileggjandi athafnir. Einnig er vitað að möguleiki til þátttöku er afar mismunandi, m.a. vegna félagslegrar stöðu og efnahags fjölskyldna. Stuðningur foreldra er ekki sjálfgefinn og margt sem þarf að skoða í þessu tilliti. Nefndin telur afar brýnt að allir eigi jafnan rétt og möguleika til þátttöku.

### Leiðir:

Skipaður verði þverfaglegur hópur sem þekkir vel til málefna barna og fjölskyldna þeirra til að útfæra hugmyndir um hvernig styrkja megi heilbrigðan lífsstíl barna og ungmenna.

### Haustið 2006

Liggja fyrir áætlun borgaryfirvalda um hvernig koma megi til móts við fjölskylduna þannig að öll börn 6 til 16 ára geti tekið þátt í einhverjum íþróttum eða öðrum uppbyggilegum tómstundum óháð efnahag og þjóðfélagslegri stöðu.

**Stefnan var lögð fyrir og samþykkt á fundi Forvarnanefndar Reykjavíkur  
8. nóvember 2005**





Reykjavíkurborg  
Forvarnanefnd